

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 47/2013

2013/EES/49/17

frá 15. mars 2013

## um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 475/2012 frá 5. júní 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 1 og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 19 <sup>(1)</sup>.
- 2) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

## 1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32012 R 0475**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 475/2012 frá 5. júní 2012 (Stjtið. ESB L 146, 6.6.2012, bls. 1).“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 475/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. mars 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 146, 6.6.2012, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.